


Ástand verðmerkinga á norðanverðum Vestfjörðum.

Neytendastofa hefur gert könnun á ástandi verðmerkinga á Ísafirði, Bolungarvík og Súðavík. Skoðaðar voru matvöruverslanir, bakarí, og sérvöruverslanir.

Farið var í fjórar matvöruverslanir á svæðinu. Valdar voru 25 vörur af handahófi í hverri verslun, kannað hvort þær væru verðmerktar og hvort verðmerking á hillu væri í samræmi við verð í kassa. Engin matvöruverslun var með allt rétt merkt. Alls voru skoðaðar 100 vörur og voru verðmerkingar af 14% þeirra í ólagi.




Farið var í Gamla bakaríið á Ísafirði og kannaðar annars vegar merkingar í kæli og hins vegar í borði. Þar voru verðmerkingar í góðu lagi.

Verðmerkingar voru kannaðar í 10 sérvöruverslunum bæði inni í verslunum og í sýningargluggum, þar sem það á við. Ástand verðmerkinga var almennt gott og í verslunum Netheimar, Konur og Menn, Penninn og Eymundsson, Birkir ehf, og Dótakassinn á Ísafirði voru engar athugasemdir gerðar. Fimm sérvöruverslanir eru með sýningarglugga og voru þeir allir vel merktir.

Verðmerkingar í verslun

Sérvöruverslanir á Ísafirði
September 2008



Aðilum sem Neytendastofa telur ástæðu til að gera athugasemdir við vegna ástand verðmerkinga verður sent bréf frá stofnuninni og gefinn kostur á að koma verðmerkingum í viðunandi horf.

Könnuninni verður fylgt eftir og ef þurfa þykir teknar ákvarðanir um hugsanleg viðurlög vegna slæms ástands verðmerkinga.

Neytendastofa hyggst halda verðmerkingareftirliti sínu áfram og kanna verðmerkingar á öðrum svæðum á landinu.

Ábendingum vegna rangra eða ófullnægjandi verðmerkinga má koma til neytendastofa í gegnum rafræna Neytendastofu á vefslóðinni www.rafraen.neytendastofa.is.